



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtiavegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Velferðarnefnd Alþingis.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/798
komudagur 12.12.2011

Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra með síðari breytingum. Mál nr. 380.

Landssamband eldri borgara gerir alvarlegar athugasemdir við 2. grein þar sem fram kemur að bætur almannatrygginga skuli einungis hækka um 3,5 % á árinu 2012 þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar þar sem segir að bætur skuli taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Það er alveg ljóst að bætur samkvæmt þessu eru ekki að hækka á næsta ári eins og eðlilegt væri. Lífeyrir almannatrygginga átti samkvæmt kjarasamningum vorið 2011 að hækka í samræmi við hækkun launa. Það á ekki að gerast samkvæmt þessu lagafrumvarpi, né heldur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012. **Þessu mótmælir Landssamband eldri borgara harðlega.**

Okkur sýnist að allir liðir til tekjuöflunar ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpinu eigi að hækka og taki einnig mið af verðlagsþróun, en þegar kemur að bótum almannatrygginga virðast gilda aðrar reglur. Síðan eiga fjárhæðir frítekjumarka ekki að hækka, skv. 16-18. gr, 21.-22. gr og 48. gr. almannatryggingalaga. Eðlilegt væri að frítekjumörkin tækju mið af verðlagsforsendum, þar sem ljóst er að framfærslukostnaður hefur hækkað s.l. ár. Það sýna allar neyslukannanir. Með þessari grein er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins til almannatrygginga lækki um 208 milljónir króna. Þarna er verið að ráðast á þá sem lökust hafa kjörin.

Við förum fram á að þessu verði breytt.

Ekki eru í þessu frumvarpi lagðar til breytingar á lögum um félagslega aðstoð, en þó er vitnað til þeirra laga í athugasemdum með frumvarpinu. Þannig segir um 2. gr.: "Í ákvæðinu er lagt til að bætur almannatrygginga og þar með bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð sem og meðlagsgreiðslur hækki um 3,5% á árinu 2012." LEB óskar eftir skýringum á þessu, þar sem ekki er hægt að finna í frumvarpinu sjálfu neitt um lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.

Hvað varðar breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, þá gerum við ekki athugasemd við að það ákvæði til bráðabirgða sé framlengt.

Reykjavík, 12. des. 2011

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir